

# Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 2018 í máli nr. E-3081/2017:

**Kortþjónustan hf.**

*(Tómas Jónsson lögmaður)*

**gegn**

**Arion banka hf.**

*(Dóra Sif Tynes lögmaður)*

**Borgun hf.**

*(Stefán A. Svansson lögmaður)*

**Íslandsbanka hf.**

*(Hörður Felix Harðarson lögmaður)*

**Landsbankanum hf.**

*(Gunnar Viðar lögmaður)*

**Valitor hf.**

*(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)*

1. Mál þetta var höfðað 28. september 2017 og tekið til úrskurðar 23. febrúar 2018. Stefnandi er Kortþjónustan hf., Rafstöðvarvegi 7 í Reykjavík. Stefndu eru Arion banki hf., Borgartúni 19, Reykjavík, Borgun hf., Ármúla 30, Reykjavík, Íslandsbanki hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík, Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík, og Valitor hf., Dalshrauni 3, Hafnarfirði.
2. Stefndu krefjast frávísunar málsins auk málskostnaðar. Stefnandi krefst þess að kröfu stefndu um frávísun og málskostnað verði synjað. Efniskröfur stefnanda eru: Að stefndu greiði stefnanda óskipt 922.921.239 kr. með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 30. júní 2016 til greiðsludags. Stefnandi gerir þrjár varakröfur. Fyrsta varakrafa er að stefndu greiði stefnanda óskipt skaðabætur auk vaxta og dráttarvaxta að mati dómsins. Önnur varakrafa er að hver hinna stefndu greiði stefnanda skaðabætur auk vaxta og dráttarvaxta að mati dómsins. Þriðja varakrafa er þrískipt. – Að viðurkennd verði skaðabótaábyrgð stefndu Borgunar hf. og Valitors hf. gagnvart stefnanda vegna brota á 12. gr., sbr. 10. gr., samkeppnislaga nr. 8/1993, lög nr. 44/2005 og 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með verð samráði sem fólst í einhliða ákvörðun stefndu Borgunar hf. og Valitors hf. um samræmd milligjöld fyrir greiðslukort á tímabilinu 2003–2015, eða skemmra tímabili að mati dómsins. – Að viðurkennd verði skaðabótaábyrgð stefndu Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. gagnvart stefnanda

vegna brota gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, lögum nr. 44/2005 og 53. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með verð samráði sem fólst í samningum um einhliða ákvörðun stefndu Borgunar hf. og Valitors hf. um samræmd milligjöld fyrir greiðslukort á tímabilinu 2003–2015, eða skemmra tímabili að mati dómsins. – Að viðurkennd verði skaðabóta ábyrgð stefndu Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. gagnvart stefnanda vegna brota á 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, lögum nr. 44/2005 og 54. gr. sammingsins um Evrópska efnahags svæðið, sbr. lög nr. 2/1993, sem fólust í því að gera aðrar kröfur til stefnanda en til stefndu Borgunar hf. og Valitors hf., og hafa þannig mismunað stefnanda við samningaumleitanir um milligjöld fyrir greiðslukort á tímabilinu 2003–2015, eða skemmra tímabili að mati dómsins. Stefnu hafa allir kosið að leggja einungis fram greinargerð kröfu um að málinu verði vísað frá dómi samkvæmt 2. mgr. 99. gr. einkamálalaga.

3. Í máli þessu leitar stefnandi atbeina dómstóla til að fá hlut sinn réttan vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna ólögmæts samráðs stefndu um að halda honum frá greiðslukortamarkaði á Íslandi og koma þannig í veg fyrir að hann næði fótfestu og hlutdeild á greiðslukortamarkaði á árunum 2002 til 2015. Stefnandi kvartaði til Samkeppniseftirlitsins árið 2009 yfir því sem hann taldi vera víðtækt ólögmætt samráð um aðgerðir stefndu og fleiri gegn sér og stöðu sinni á greiðslukortamarkaði. Á árinu 2015 gengust stefndu undir stjórn sýsluviðurlög, sektargreiðslur, vegna brota sem þeir viðurkenndu að hafa framið gagnvart ákvæðum samkeppnislaga og upplýst höfðu verið með rannsókn Samkeppniseftirlitsins í kjölfar kvörtunar stefnanda. Brotin fólust meðal annars í því að stefndu höfðu samræmt svokölluð milligjöld, sem eru greiðslur sem færsluhirðar (greiðslukortafyrirtækin) greiða útgefendum greiðslukorta (viðskiptabönkunum) fyrir þjónustu þeirra við söluaðila (kaupmenn) í greiðslukortaviðskiptum. Markaðssókn stefnanda á greiðslu kortamarkað á Íslandi fór frá öndverðu og allt fram á árið 2012 fram í samstarfi stefnanda og danska fyrirtækisins PBS International og síðar, í kjölfar breytinga á eignarhaldi þess félags, norska fyrirtækisins Teller. Stefnandi sjálf ur tók ekki við hlutverki eiginlegs færsluhirðis fyrr en á árinu 2012. Fram að þeim tíma var stefnandi umboðsaðili hinna erlendu aðila og bauð söluaðilum uppá færsluhirðingu um kerfi hinna erlendu fyrirtækja. Stefnandi byggir á því að í samningum hans við hina erlendu aðila hafi verið umsamið að honum bæri þóknun fyrir hlutverk sitt sem að lágmarki skyldi nema 0,1% af þeirri greiðslu kortaveltu sem kæmist í kring fyrir hans atbeina. Árið 2013 höfðaði stefnandi

mál á hendur stefndu sem í verulegum atriðum fjallar um sama sakarefni og deilt er um í þessu máli. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 2017 var málinu vísað frá dómi með þeim rökum að málatilbúnaður stefnanda að því er varðaði samaðild eða samlagsaðild stefndu væri svo vanreifaður að færi í bága við d-, e- og g-liði 80. gr. einkamálalaga. Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 239/2017, sem kveðinn var upp 1. júní 2017, var hinn kærði úrskurður staðfestur en á því byggt að svo mjög skorti á málatilbúnað stefnanda að því er varðaði upplýsingar um aðkomu og hlutdeild hinna erlendu samstarfsaðila að óljóst væri hvort stefnandi væri bær til að standa einn að málssókn á hendur stefndu á þeim grunni sem hann hefði sjálfur lagt. Var málatilbúnaður stefnanda að því er þetta varðaði talinn vera svo óljós og vanreifaður að óhjákvæmilegt hefði verið að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

4. Stefndu reisa kröfu sína um frávísun á því að málatilbúnaður stefnanda sé í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þeir telja skýringar stefnanda á kröfum sínum og tengsl þeirra við málsgrundvöllinn óljósan. Þá telja þeir samhengi krafna stefnanda og málsástæðna vera óljóst og ófullnægjandi og að krafa stefnanda sé því vanreifud. Þá telja stefndu allsendis óljóst á hvaða grunni stefnandi telji sig geta haldið uppi kröfu um óskipta ábyrgð stefndu sem þó byggi á mismunandi samningssamböndum þeirra innbyrðis. Stefndu telja raunar að málsaðild, bæði til sóknar og varnar, sé óljós með því að enn séu ekki fram komnar fullnægjandi upplýsingar eða gögn um aðild stefnanda. Þá vísa stefndu til þess að kröfugerð stefnanda að því er varðar viðurkenningarkröfur hans samkvæmt varakröfum sé þannig fram sett að fari í bága við ákvæði 2. mgr. 25. gr. einkamálalaga svo að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn hennar. Þá telja stefndu að reifun málsins í stefnu sé verulegum annmörkum háð að því er varðar skýrleika þeirra málsástæðna sem kröfur á hendur stefndu eru reistar á, auk þess sem á skorti að viðhlítandi sönnunargögn hafi verið lögð fram til stuðnings málatilbúnaði stefnanda. Þessir annmarkar séu svo verulegir að stefndu verði ekki gert að una því að stefnanda gefist kostur á að ráða bót á þeim undir rekstri málsins.
5. Stefnandi vísar til þess að sameiginleg aðild stefndu byggi á reglu samkeppnis réttar um samfellda brotastarfsemi þannig að reglubundið samstarf stefndu til að ná sameiginlegu markmiði um að raska samkeppni leiði til þess að líta beri á háttsemi þeirra sem samfelld samráð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Vísar stefnandi til þess að á slíkri reglu hafi íslenskir dómstólar byggt, t.d. í dómi

Hæstaréttar nr. 142/2007. Þá vísar stefnandi til þess að hann hafi bætt úr þeim annmörkum sem talið var að væru til staðar í dómi Hæstaréttar nr. 239/2017 að því er varðaði greinargerð hans um aðild hans að málinu. Þetta telur stefnandi sig hafa gert annars vegar með sérstakri greinargerð í stefnu í kafla III.3.3 og með því að leggja fram sem dskj. nr. 20 samstarfssamning sinn við PBS International frá 2002.

6. Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 2017 í hinu fyrra máli stefnanda á hendur stefndu varð niðurstaðan sú að ekki yrði fram hjá því litið að lýsing stefnanda á samkeppnislagabrotum stefndu byggði á því að annars vegar væri talið um að ræða samráðsbrot sem leitt hefði af samvinnu stefndu viðskipta bankanna þriggja og Valitors hf. sem samtaka. Hins vegar væri brot sem leitt hefði af samvinnu bankanna þriggja og Borgunar hf. sem samtaka. Því virtust gögn þau sem byggt hefði verið á af hálfu stefnanda gefa til kynna að umrædd brot Borgunar hf. og Valitors hf. með bönkunum þremur, hefðu verið aðgreind og um sumt mismunandi að eðli og umfangi. Gögn málsins hefðu þannig ekki gefið til kynna að um eitt samfellt brot allra stefndu væri að ræða, eins og stefnandi virtist byggja á kröfur sínar óskipt gagnvart stefndu. Því skorti það innbyrðis samræmi í kröfugerð, framsetningu málsástæðna og framlagningu og inntaki gagna af hálfu stefnanda sem nauðsynlegt væri. Þess vegna yrði að líta svo á að málatilbúnaður stefnanda væri vanreifaður og svo misvísandi að ekki yrði úr bætt undir rekstri máls og því væri óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi gagnvart öllum stefndu, sbr. d-, e- og g-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.
7. Í því máli sem hér er til úrlausnar eru enn til staðar allir sömu annmarkar á málatilbúnaði stefnanda varðandi sameiginlega aðild stefndu. Stefnandi reisir málssókn sína að drýgstum hluta á niðurstöðum andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins frá því í mars 2013. Þá hefur stefnandi aflað ítarlegrar matsgerðar sem ætlað er að sanna tjón hans af ólögum samkeppnisbrotum stefndu. Matsspurningar reisir stefnandi á niðurstöðum nefnds andmælaskjals. Sá annmarki er á þessum málsgrundvelli að athugun Samkeppniseftirlitsins og svo í framhaldinu niðurstöður þess fjalla alls ekki um tjón stefnanda. Grundvöllur kröfugerðar hans verður því ekki á þeim reistur nema með óbeinum hætti. Þessi vandi veldur því að samhengi kröfugerðar stefnanda við þær meginstoðir sem hún er reist á, andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins og matsgerð hinna dómkvöðdu matsmanna, er afar viðkvæmt. Ágallar á málatilbúnaði stefnanda, hinar vanreifuðu forsendur sameiginlegrar aðildar stefndu og

sú vanreifun sem fólgin er í því að stefnandi skýrir ekki með fullnægjandi hætti tengsl kröfugerðar sinnar við þær meginstöðir sem hún er reist á, myndu hvor um sig, að mati dómsins, nægja til frávísunar að kröfu stefndu. Fleira kemur þó til.

8. Í 1. mgr. 18. gr. einkamálalaga er kveðið á um skyldu til samaðildar að dómsmáli ef fleiri en einn eiga saman óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu þar sem dómur um réttarstöðuna getur haft bein eða óbein áhrif á hagsmuni allra sem njóta réttindanna, eða allra sem bera skylduna. Ef játa á þeim sem að formi til eiga óskipt réttindi heimild til að sækja rétt sinn hver í sínu lagi verður að leggja á þá skyldu til að sýna fram á að unnt sé að skilja svo milli réttinda þeirra að hver þeirra geti sótt rétt sinn í dómsmáli án atbeina hins, sbr. reglu 2. mgr. 18. gr. einkamálalaga. Stefnandi hefur gert ráðstafanir til að bæta úr þeim ágöllum sem samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 239/2017 voru á reifun hans um aðild málsins sóknarmegin með nánari útlistun í stefnu á sambandi sínu við erlenda samstarfsaðila sína og með því að leggja fram á dskj. nr. 20 samstarfssamning þeirra frá árinu 2002. Stefnandi hefur ekki kosið að stefna hinum erlendu samstarfsaðilum til aðildar að málinu eða til að þola dóm í þá veru sem hann gerir kröfur um. Stefnandi byggir á því að honum sé heimilt að sækja rétt sinn án atbeina hinna erlendu samstarfsaðila sinna með því að unnt sé að skilja milli réttinda þeirra, þannig að undir öllum kringumstæðum hafi honum samkvæmt samningi þeirra borið þóknun sem að lágmarki skyldi nema 0,1% af þeirri greiðslukortaveltu sem kæmist í kring fyrir atbeina hans. Í sóknargögnum málsins er þó ekkert að finna sem staðfestir þennan skilning stefnanda. Verður því ekki séð að stefnandi hafi sýnt fram á að hann sé einn bær til að standa að málssókn á hendur stefndu á þeim grunni sem hann hefur kosið. Samkvæmt þessu, og með vísan til annarra galla á málalilbúnaði stefnanda, sem að framan er getið, er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu sjálfkrafa frá héraðsdómi.
9. Af hálfu stefndu fluttu málið lögmennirnir Dóra Sif Tynes, Stefán A. Svensson, Hörður Felix Harðarson, Gunnar Viðar og Halldór Brynjar Halldórsson. Af hálfu stefnanda flutti málið Grétar Dór Sigurðsson lögmaður. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi. Stefnandi greiði hverjum stefndu 1.000.000 króna í málskostnað.

Ástráður Haraldsson